


Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8–10  
150 Reykjavík

Akureyri, 17. mars 2006

Vísað er í bréf menntamálanefndar Alþingis, dags. 1. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn Háskólans á Akureyri um frumvarp til laga um háskóla, 59. mál, jafnrétti til náms, skólagjöld. Háskólinn á Akureyri þakkar fyrir tækifærið til að láta í ljós álit sitt á frumvarpinu og er umsögn háskólans eftirfarandi:

Háskólinn á Akureyri tekur ekki efnislega afstöðu til þess skilgreinda máls sem frumvarpið fjallar um en vill þó benda á að stjórnvöld hafa búið háskólunum ólíkt fjárhagsumhverfi sem hefur mismunun í för með sér, einkum hvað varðar möguleika þeirra til tekjuöflunar. Þannig hafa einkaskólar á háskólastigi heimild til þess að innheimta skólagjöld en ríkisháskólum er ekki heimilt að afla tekna með þessum hætti. Fjárveitingar háskóla sem heyra undir menntamálaráðuneyti eru ákveðnar samkvæmt tilteknu reiknilíkani en þetta reiknilíkan nær ekki til landbúnaðarskóla á háskólastigi. Mælt er með því að Alþingi taki til umræðu og ákvörðunar fjármögnun háskóla almennt, þ.m.t. umræðu um skólagjöld, með það í huga að jafna aðstöðu háskóla, bæði ríkis- og einkarekinna, og tryggja sem best jafnrétti til náms.

Virðingarfyllst,

  
Þorsteinn Gunnarsson, rektor